

Reglugerð um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

Í maí 2014 kom út reglugerð nr. 517/2014 í Evrópusambandinu um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (F-gös). Áætlað er að reglugerðin taki gildi hér á landi á árinu 2015 eða 2016.

Helstu atriði reglugerðarinnar er að komið verður á kvótakerfi fyrir markaðssetningu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda auk takmarkana á markaðssetningu og notkun efnanna og búnaðar sem nota efnin, umfram þær sem þegar eru í gildi.

Tilgangur reglugerðarinnar er að draga úr losun tiltekinna gróðurhúsalofttegunda sem hafa háan hnattþlýnunarmátt (global warming potential, GWP). Ítarleg greining hefur farið fram á þeim valkostum sem koma til greina til að draga frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda. Niðurstaðan er sú að aðgerðir til að draga úr losun þessara tilteknu gróðurhúsalofttegunda er hagkvæmari heldur en að draga úr annarri losun eins og af völdum bruna jarðefnaeldsneytis. Talið er að losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sé 2% af allri losun gróðurhúsalofttegunda í ESB ríkjum reiknað sem CO₂ ígildi. Talið er að með þessum aðgerðum megi draga úr meira en 2/3 af þeirri losun til 2030. Án þessara aðgerða er talið að losunin muni standa nokkurn veginn í stað. Efni með lægra eða ekkert GWP hafa að nokkru leyti komið í stað hinna sem þó eru enn notuð í miklum mæli.

Stefnan í ESB er að dregið verði almennt úr losun gróðurhúsalofttegunda um 80-95% til ársins 2050 miðað við losun á árinu 1990 en það er í takt við ráðleggingar vísindamanna um aðgerðir iðnríkja. Stefna íslenskra stjórnvalda frá 2007 er að draga úr losun um 50-75% á sama tíma. Aðgerðir á borð við þessar eru liður í því að koma í veg fyrir, með eins hagkvæmum aðferðum og kostur er, að hlýnun lofthjúps jarðar verði meiri en 2°C miðað við hitastig við upphaf iðnbyltingar.

Helstu atriði reglugerðarinnar:

Kvóti á markaðssetningu

Komið verður á kvótum á markaðssetningu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og þak sett á það magn sem heimilt verður að markaðssetja ár hvert reiknað í CO₂ ígildistönum. Úthlutun hefst 2015 og er miðað við meðaltal þess sem markaðssett var á árunum 2009 til 2012. Magn þetta skerðist í áföngum til 2030 þegar þakið verður í 21% miðað við upphaflega úthlutun 2015 eins og lýst er í viðauka V. Innflutningur á búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, skal falla undir kvóta til markaðssetningar í samræmi við IV. kafla frá og með 1. janúar 2017. Framkvæmd við úthlutun kvóta til markaðssetningar á Íslandi liggur ekki fyrir.

Takmarkanir á markaðssetningu.

Takmarkanir á markaðssetningu hluta sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir koma fram í viðauka III. Mikilvægustu nýmælin þar eru bann við markaðssetningu nýrra ísskápa frá og með 1. janúar 2015 (miðað við GWP > 150), nýja kælikápa í verslunum í þrepum frá og með 1. janúar 2020 (GWP > 2500) og 1. janúar 2022 (GWP > 150), ný kælikerfi í verslunum frá og með 1. janúar 2022 (GWP > 150) og ný kælikerfi (föst) frá og með 1. janúar 2020 (GWP > 2500). Þó skal bannið ekki gilda um búnað sem uppfyllir skilyrði um vishönnun, notar minni orku og hefur í för með sér minni heildarlosun gróðurhúsalofttegunda en búnaður sem notar ekki vetnisflúorkolefni. Einungis verður heimilt að selja F-gas til þeirra sem hafa hlotið vottun.

Vottun

Kröfur til vottunar fyrirtækja og starfsmanna þeirra koma fram í eldri reglugerðum og engin breyting verður á þeim.

Merkingar

Búnað, sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, skal merkja með upplýsingum um að hann innihaldi slík efni, viðskiptaheiti kælimiðils, magn og CO₂ ígildi þess.

Notkun

Aðeins má fylla á kerfi með endurheimtum og endurunnum efnum eftir 2020 og alfarið bannað eftir 2030 (ef GWP > 2500, GWP fyrir R-404A er 3922). Hér er viðmiðið GWP > 2500 og > 40 CO₂ ígildistonn.

Lekaleit.

Viðmið fyrir lekaleit kerfa er nú 5 t CO₂ ígildi (10 t fyrir loftþétt kerfi) í stað 3 kg (6 kg fyrir loftþétt kerfi) af sjálfu efninu.

Tíðni lekaleitar:

	án lekaleitarkerfis	með lekaleitarkerfi
5-50 t CO ₂ ígildi	12 mán. fresti	24 mán. fresti
50-500 t CO ₂ ígildi	6 mán. fresti	12 mán. fresti
≥ 500 t CO ₂ ígildi	3 mán. fresti	6 mán. fresti*

* lekaleitarkerfi er skilyrði fyrir flest kerfi með ≥ 500 t CO₂ ígildi.

Skyldur rekstraraðila.

Rekstraraðilar kerfa eru ábyrgir fyrir því að haldin sé skrá yfir notkun kerfanna þegar kemur að áfyllingu, aftöppun og förgun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda á kerfunum og að þjónusta kerfisins sé veitt af vottuðum aðila. Skrá skal dagsetningar lekaleitar, magn, gerð og uppruna F-gasa við áfyllingu, magn endurheimtra F-gasa, og heiti þjónustuaðila sem framkvæmir viðkomandi verk. Rekstraraðilar kerfa eru ábyrgir fyrir því að endurheimt F-gasa af kæli-, loftræsti-, varmadælu- og slökkvibúnaði verði framkvæmt af vottuðum aðila.

[Reglugerðin \(á ensku\).](#)